

Sp.

566. Tillaga

til þingsályktunar um kryddsildartoll í Danmörku.

Frá sjávarútvegsnefnd neðri deildar.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að koma því til vegar, að Íslendingar hljóti fullkomið jafnrétti við Dani um innflutningstoll á íslenskri kryddsild í Danmörku.

Greinargerð.

Af fundargerðum hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar sést það, að Danir tolla íslenska kryddsild, sem til Danmerkur flyzt, en losa danska framleiðendur við að greiða hann, með sérstakri undanþágu frá fjármálaráðherra, samkv. heimild, sem til er í dönskum lögum.

Af umræðum og samþykktum ráðgjafarnefndarinnar má sjá það, að nefndarmenn, bæði danskir og íslenskir, eru sammála um, að þetta brjóti í bága við gagnkvæmt jafnrétti beggja landanna samkvæmt sambandslögunum, enda hafa verið gerðar samþykktir í nefndinni til að fá þessu breytt, þó enn hafi það engan árangur borið.

Nefndin telur, að við svo búið megi ekki lengur standa, bæði vegna jafnréttisákvæðanna og hins, að íslenskri kryddsild er með ákvæðum þessum svo að segja alveg bægt frá dönskum markaði.